



**Ávarp
forseta Íslands
Guðn Th. Jóhannessonar
á
Degi íslenskrar tungu
16. nóvember 2016**

Það var síður á Íslandi frá fornu fari á öllum sæmilegum bæum, að þartilhæfur maður væri látinn lesa upphátt úr sögubókum eða kveða rímur fyrir heimilisfólkið á síðkvöldum, og stytta svo þjóðin stundir fyrir sér. Sumir hafa nefnt þessar kvöldvökur háskóla Íslendinga.

Með þessum orðum í Brekkukotsannál lýsti Halldór Laxness kvöldvökuhefðinni á Íslandi. Á degi íslenskrar tungu fögnum við því að eiga okkar eigið tungumál, að stofni til óbreytt frá fyrstu öldum byggðar í landinu. Ekkert var né er gefið í þeim efnum. Danska tók lit af þýsku, norska varð fyrir miklum áhrifum úr dönsku, keltneskar tungur hurfu nær alveg. Og hvers vegna áttu Íslendingar að halda í tungumál sem engir skildu nema þeir sjálfir? Þess spurði Bjarni Jónsson rektor í Skálholti í bréfi sínu til landsnefndarinnar fyrri árið 1771. „Látum oss taka upp dönsku, úr því vér lútum danskri stjórn og erum í samfélagi með Dönum,“ skrifaði rektorinn. Fræg eru líka varnaðarorð Rasmusar Kristjáns Rasks sumarið 1813, tæpri hálfri öld síðar, að danska heyrist of víða, „að íslenskan bráðum mun útaf deyja, reikna ég að varla mun nokkur skilja hana í Reykjavík að hundrað árum liðnum, en varla nokkur í landinu að öðrum tvö hundruð þar upp frá, ef allt fer eins og hingað til og ekki verða ramar skorður viðreistar.“

Svo fór ekki. Fólkið í landinu sletti kannski dönsku en grundvöllurinn var rammíslenskur og síðar á níttjándu öld hófu íslenskir menntamenn íslenskt mál til vegs og virðingar. Einna fremstur í flokki var Jónas Hallgrímsson, dagur íslenskrar tungu er einmitt haldinn á fæðingardegi hans. Rúmum tvö hundruð árum eftir að Rask var með böggum hildar sjáum við og heyrum að áhrif frá danskri tungu þarf ekki lengur að óttast, það er helst að eldra fólk deili um hvort nota megi sagnirnar að ske og meina í íslensku og skiptir það líklega engu máli í hinu stóra samhengi.

En sjaldan er ein báran stök. Við vorum ekki fyrr búin að losa okkur við fortó, lekker og aðrar dönskuslettur en hæ, bæ og fleiri engilsaxnesk orð flæddu hingað. Menn brugðust óðar til varna og voru helst uggandi um æsku landsins. „Í stað þess að láta íslenskuna gruggast og afbakast,“ skrifaði Ólafur Jóhann Sigurðsson til dæmis, „á æskulýðurinn að skarta daglega skíraða málmi tungunnar og bera kinnroða fyrir hvert kringilyrði af erlendum toga spunnið.“ Sú hefur ekki orðið raunin, enskuslettur eru komnar til að vera, ef svo má að orði komast, sem má auðvitað ekki því að þá er enskt orðtak þýtt hrátt í stað þess að hugsa og tala á íslensku; segja til dæmis að slettunar

hafi atað út okkar ástkæra, ylhýra mál. En svona er staðan, nú er hún Snorrabúð stekkur. „Forsetinn er „trendsetter“,“ sagði í fréttafyrirsögn á einum netmiðlinum fyrr í vikunni. Og kvöldvökur eru auðvitað löngu liðin tíð. Um okkar daga verja unglingar ekki síðkvöldum við fótskör sagnafólks. Nei, þeir eru í snjallsímum sínum, hlustandi og horfandi á YouTube-vídeo eða annað efni af því tagi sem Ólafur Jóhann og samferðamenn hans gátu ekki séð fyrir, kannski sem betur fer því þeim hefði svo sannarlega hrosið hugur við þeim ósköpum.

Stafræna byltingin er hafin. Afþreying og samskipti hafa gerbreyst síðustu áratugi. Tökum dæmi: Eflaust kannast einhver ykkar við hana Siri sem lifir í iPhone-snjallsímum og spjaldtölvum og getur svarað nánast öllu sem manni dettur í hug – en aðeins á ensku eða öðrum tungumálum sem milljónir tala. Nýjustu bíla er líka hægt að tala við, segja þeim að hækka eða lækka hita, færa rúður upp og niður, og heimilistækjum má skipa fyrir með sama hætti – en ekki á íslensku.

Á málræktarþingi í gær ályktaði Íslensk málnefnd um íslenska tungu. Nefndin beindi sjónum sínum einkum að stöðu málsins í stafrænum heimi og brýndi stjórnvöld til dáða. Tryggja þurfi að tæki geti skilið íslensku, annars sé voðinn vís. Á málræktarþinginu mátti jafnvel heyra þær raddir að íslenskan væri í lífshættu, að enskan sæki sífellt á. Hér rek ég líka nokkrar fyrirsagnir úr blöðum og netmiðlum um vanda málsins: „Verður íslenska gjaldgeng í stafrænum heimi?“ – „Annað tungumál á samfélagsmiðlum“ – „Íslensk börn kunna heiti hluta á ensku en ekki íslensku“ – „Íslenskukennarar grípa til ensku“ – „Íslendingar gætu misst málið“ – „Íslenskan er að deyja“ – „Íslensk tunga á stutt eftir“ – „Hvað kostar að bjarga íslenskunni?“

Varla er það huggun harmi gegn að þessar fyrirsagnir eru að minnsta kosti lausar við enskuslettur. Á degi íslenskrar tungu tek ég undir ákall Íslenskrar málnefndar og annarra sem láta sér annt um framtíð tungumálsins. Ég vil ekki tala um verndun þess því að þá fyrst erum við í vanda stödd ef þörf er á að vernda hana eins og dýrategund í bráðri útrýmingarhættu. Lifandi tungumál þróast og breytast. En við verðum að leyfa íslenskunni að þróast og breytast í hinum stafræna heimi, sem mætti jafnvel kalla háskóla með sama hætti og kvöldvökurnar forðum, því að þar tölum við saman, þar skiptumst við á skoðunum, þar fáum við fróðleik og þar munum við tala við tækin okkar.

Þrátt fyrir allt er ég þó bjartsýnn á framtíð íslenskrar tungu. Að vísu má segja að það sé nánast skrifað í starfslýsingu forseta Íslands að vera bjartsýnn; en við vitum um vandann, við vitum hvað hægt er að gera. Og sjá má ýmis merki þess að íslenskan sé sprellumlifandi. „Ég skildi að orð er á Íslandi til, um allt sem er hugsað á jörðu,“ kvað Einar Benediktsson á sínum tíma. Sú speki er enn í góðu gildi. Á nýrri öld nota rapparar sömu tungu og Einar, sömu orð og Snorri Sturluson ef út í það er farið. „Og þótt ég þegi / þá fær ekkert því breytt að ef íslenskan er notuð rétt / þá verður tungan hárbeytt.“ Þannig rappaði Móri fyrir rúmum áratug. Og nutum við ekki tungumálsins þegar íslensk þjóð sameinaðist eftirminnilega á Evrópumótinu í knattspyrnu karla í sumar? Íslenskan tengdi okkur líka saman, ekki síst með lýsingu Guðmundar Benediktssonar þegar ógleymanlegur sigur á Englendingum var í höfn:

Oooooo þett' er búið! Þett' er búið! Þett' er búið! Við erum komnir! Við erum komnir ... til Parísar! Við erum aldrei að fara heim, við erum aldrei að fara heim, sjáið 'etta sjáið 'etta, Þvílíkt og annað eins, ég trúi ekki mínum eigin augum, þetta er ... aldrei vekja mig, aldrei vekja mig af þessum geggjáða draumi, púiði eins og þið viljið Englendingar, Ísland er að fara á Stade de

France á sunnudaginn, Frakkland – Ísland. Þið getið farið heim, þið getið farið úr Evrópu, þið getið farið hvert sem þið viljið.

Í rafrænum heimi getur íslenskan líka haft betur. Vilji er allt sem þarf. Það er málið.